



Alþingi
Erindi nr. P 121 / ~~1637~~
komudagur 18/4 1997

18. apríl 1997.

Hr. Stefán Guðmundsson,
formaður iðnaðarnefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um frumvarp til laga um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga (445. mál), sbr. bréf yðar frá 9. apríl sl.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að almennar íslenskar skattareglur muni gilda að langmestu leyti um byggingu og starfsemi hins fyrirhugaða álvers. Þó er vikið frá því í nokkrum atriðum. Hluti þess markast af því að um erlenda eignaraðila er að ræða. Þannig verður félaginu ekki heimilt að draga allt að 7% útborgaðs arðs frá skattskyldum tekjum. Það ákvæði íslenskra skattalaga hefði leitt til tekjutaps fyrir ríkissjóð. Á móti íþyngjandi áhrifum þessa fyrir félagið eru veittar ívilnanir á öðrum sviðum. Þegar heildaráhrifin eru metin kemur í ljós að skatttekjur ríkisins verða svipaðar og ef almenn skattalög hefðu gilt óbreytt.

Meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar þykir sérstök ástæða til að gera athugasemdir við 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að hlutaðeigandi sveitarfélögum verði heimilt að leggja á fasteignaskatt „sem skal vera 0,85% af verðmæti bygginga, athafnasvæðis og mannvirkja eins og það er nánar skilgreint og um samið í samningum sem gerðir eru innan ramma þessara laga“ eins og segir orðrétt í ákvæðinu. Meiri hlutinn telur að umrætt ákvæði feli í sér ákveðið framsal á skattlagningarvaldi yfir til sveitarfélaganna og telur eðlilegra að binda skattinn við fastákveðna fjárhæð eða afmarka hann betur á annan máta í frumvarpinu. Meiri hlutinn sér að öðru leyti ekki ástæðu til að gera efnislegar athugasemdir við 5. gr., 6. gr. og 8. gr. frumvarpsins.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar, Steingrímur J. Sigfússon, telur að ýmsa þætti málsins hefði þurft að skoða betur. Í fyrsta lagi sé álitamál hvort yfirleitt eigi að stefna að sérsamningum af þessu tagi í stað þess að láta íslensk skattalög gilda, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ef nýtt er heimild til sérsamninga þá skuli þeir gilda í að lágmarki 20 ár. Um ákvæði 5. gr. um undanþágur frá lögum og skattlagningu er það að segja að mörg atriði eru í sjálfu sér eðlileg, ef farið er út í sérsamninga um skattamál á annað borð. Annað orkar tvímælis. Þá eru ákvæði 6.–8. tölul. 5. gr. um ýmis gjöld til ríkis og sveitarfélaga hæpin. Sérstaklega það að skattstofninn sé í reynd gerður að samningsatriði, sbr. niðurlag 6. tölul. 5. gr., og tekur minni hlutinn undir tillögur meiri hlutans í því sambandi. Ljóst er einnig að ekki mun gæta jafnræðis milli sveitarfélaga á svæðinu hvað varðar ávinning af tilkomu verksmiðjunnar, þar sem framkvæmdirnar geta samkvæmt frumvarpinu fært þeim tveimur sveitarfélögum sem eiga lóðina sem verksmiðjan verður reist á miklar tekjur meðan nágrannasveitarfélög fá ekkert í sinn hlut.

E F N A H A G S - O G V I Ð S K I P T A N E F N D

Mesta athygli minni hlutans vekur þó lokamálsgrein 5. gr. þar sem gert er ráð fyrir að félagið geti á hverju ári samningstímans, frá og með árinu 2000, valið hvort það færi sig alfarið undir íslensk skattalög eða ekki. Félaginu verður þannig gert kleift að velja hvorn kostinn sem því verður hagstæðari á þeim tíma, þ.e. sérsamninginn eða hin almennu ákvæði íslenskra skattalaga. Ekki er gert ráð fyrir að íslenska ríkið hafi slíkan valrétt og verður það því bundið til 20 ára ef félagið ákveður að halda sig við samninginn. Loks er rétt að vekja athygli á framsalsákvæði 9. gr. frumvarpsins sem sýnir í hnotskurn þann rúma rétt sem viðsemjendum Íslendinga er veittur í þessum samningum. Með ákvæðinu er félaginu heimilt að framselja, t.d. til lánveitenda, alla skattasamninga sem það hefur gert við ríkið. Er þetta sagt nauðsynlegt vegna væntanlegrar verkefnafjármögnunar.

Niðurstaða minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar er því sú að málið sé vanbúið til afgreiðslu og mun hann því ekki styðja lögfestingu frumvarpsins.

F.h. efnahags- og viðskiptanefndar,



Ágúst Einarsson,
varaformaður.

E F N A H A G S - O G V I Ð S K I P T A N E F N D